**Nd.** **34. Nefndarálit** [6. mál]

um frv. til l. um fjáröflun til vegagerðar.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Meiri hl. leggur til, að það verði samþykkt með eftirgreindum

BREYTINGUM:

1. Við 11. gr. 2. mgr. orðist svo:
   Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema þungaskattur af bifreiðinni skv. a- og b-lið 5. gr. sé greiddur til næsta gjalddaga, en til umskráningardags, sé um að ræða þungaskatt samkv. ökumæli.
2. Við 14. gr.
   a. Greinin orðist svo:
      Með lögum þessum eru úr gildi felld ákvæði XIV. kafla laga nr. 80/1973.
   b. Á eftir gr. komi ný gr. svo hljóðandi:
      Lög þessi öðlast gildi 9. september 1974.
3. Ákvæði til bráðabirgða III breytist svo:
   Í stað „1. september" í 1., 2., 3. og 4. mgr. komi: 9. september.

Alþingi, 4. september 1974.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Þórarinn Þórarinsson, frsm. Matthías Bjarnason.
Matthías Á. Mathiesen. Gunnar Thoroddsen.